

| |
|-----------------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. <u>BS</u> |
| 10 MARS 2004 |
| <u>54.55</u> |
| Tilv. <u>UST20040300028</u> |

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun er hluti af Ráði umhverfisáhrifa.

Stofnunin er stafræn og er stafræn.

Stofnunin er stafræn og er stafræn.

Stofnunin er stafræn og er stafræn.

Stofnunin er stafræn og er stafræn.

Stofnunin er stafræn og er stafræn.

Stofnunin er stafræn og er stafræn.

9. mars 2004

Tilvísun: UST20040300028/bs

Sjóvarnir við Snoppuveg, fiskverkun Snoppu og Kumbu í Ólafsvík og sjóvörn við Hellisgötu, Hellissandi í Snæfellsbæ. Tilkynning um matsskyldu.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Klumbra: Á þessum stað er fjaran stórgrýtt og ofan hennar gróinn kambur. Hluti stórgrýtis hefur að líkindum verið flutt að til varnar bakkanum. Ekki er talið að fjölskrúðugt lífríki sé að finna á þessu svæði.

Verbúð við Snoppuveg: Húsið er byggt fram á sjávar kamb og neðan þess er nokkuð brött hnullungafjara. Ekki er talið að hér sé fjölskrúðugt lífríki að finna.

Bátahöllin-Hellisandi: Fjaran neðan grasi gróins kambs er að mestu þangivaxnar hraunklappir. Fyrirhuguð sjóvörn er að mestu við fjörukamb sem hefur þegar verið raskað vegna annarra framkvæmda.

Ekkert ofangreindra svæða er á náttúruminjasrá og ekki er talið að framkvæmdirnar muni raska jarðmyndunum eða vistkerfum sem njóta verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangeindar framkvæmdir muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,


Björn Stefánsson


Helgi Jensson

Afrit: Anna Guðrún Þórhallsdóttir, eftirlitsráðgjafi Hvanneyri